

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 238/2024

2025/EES/9/10

frá 25. október 2024

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir,
staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/242 frá 27. september 2023 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/43/EB að því er varðar uppfærslu á skránni yfir varnartengdar vörur í samræmi við uppfærðan sameiginlegan hergagnalista Evrópusambandsins frá 20. febrúar 2023 ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 3q (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/43/EB) í XIX. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32024 L 0242:** Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/242 frá 27. september 2023 (Stjtið. ESB L, 2024/242, 17.1.2024).“

2. gr.

Texti framseldrar tilskipunar (ESB) 2024/242, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. október 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. október 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Anders H. Eide

formaður

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/242, 17.1.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir_del/2024/242/oj

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.